

LION



Íslensk útgáfa

www.lions.is

blað nr. 349

apríl 2025

GEFÐU VON Landssöfnun Lions Rauða fjöðrin 2025

Ágóðinn rennur til styrktar **Pieta** samtökunum
og sjálfsvígsforvörnum fyrir ungt fólk.



Lions og Pieta samtökin
saman gegn sjálfsvígum
lions.is | pieta.is



 Viltu vita meira?

Apríl 2025. Blað nr. 349
THE LION IN ICELANDIC
Fjölumðæmi 109

Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: Dönsku, ensku, farsí, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, hollensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknesku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi LION á íslensku:

FJÖLUMDÆMI 109

Tímariðið Lion kemur út sex sinnum á ári, tvö prentuð blöð en fjögur í netútgáfu. Öll blöð eru gefin út í netútgáfu.

Lionsskrifstofan, Hlíðasmári 14, 201 Kópavogur er opin alla virka daga frá kl. 09.00 til 15.00

Sími: 561 3122, Fax: 561 5122, e-mail / netfang: lions@lions.is

Heimasíða Lions: lions.is


Skrifstofustjóri: Kolfína Guðmundsdóttir



Fjölumðæmisstjórn:



Geirbrúður Fanney Bogadóttir, fjölumðæmisstjóri. Geirbrúður er félagi í Lionsklúbbum Æsa. Ef þú þarft að hafa samband við hana þá er netfang hennar: gfbogadottir@gmail.com



Inga Lóa Steinarsdóttir, umdæmisstjóri í 109 A. Inga Lóa er félagi í Lionsklúbbum Æsa. Freyju og er með tölvupóstfangið ingaloo75@simmet.is



Sumarliði Ásgeirsson, umdæmisstjóri 109B. Sumarliði er félagi í Lionsklúbbum Stykkishólms. Netfang Sumarliða er fimmfiskar@gmail.com

FJÖLUMDÆMISRÁÐ

FJÖLUMDÆMIS 109

Starfsárið 2024 – 2025

Fjölumðæmisstjóri: Geirbrúður Fanney Bogadóttir, Lkl. Æsa

Umdæmisstjóri 109A: Inga Lóa Steinarsdóttir, Lkl. Freyja

Umdæmisstjóri 109B: Sumarliði Ásgeirsson, Lkl. Stykkishólms

Fjölumðæmisritari: Guðmundur Helgi Gunnarsson, Lkl. Fjörgyn

Fjölumðæmisgjaldkeri: Stefán Árnason, Lkl. Vitaðsgjafi

Fráfarandi fjölumðæmisstjóri: Sigfríð Andradóttir, Lkl. Æsa

Vara fjölumðæmisstjóri: Anna Fr. Blöndal, Lkl. Ylfa

Protokol- og þingstjóri: Hörður Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Alþjóðasamskiptastjóri: Jónas Yngvi Ásgrímsson, Lkl. Dynkur

Markaðs- og kynningarstjóri: Theodór Francis Birgisson, Lkl. Selfoss

Umhverfisstjóri: Dagný Finnsdóttir, Lkl. Úa

Ritstjóri Lion og heimasíðu: Þorkell Cýrusson, Lkl. Víðarr

Netstjóri: Sigfríður Guðmundsdóttir, Lkl. Kiddi (.is)

GLT stjóri (menntun og leiðtogaþjálfun): Halldór Kristjánsson, Lkl. Ásbirni

GMT stjóri (félagamál): Jón Pálmason, Lkl. Víðarr

GST stjóri (verkefni) Sigfríð Andradóttir, Lkl. Æsa

GET stjóri: (útbreiðslumál) Kristófer Tómasson, Lkl. Geysir

NSR-AU nefndarmaður: Þorkell Cýrusson, Lkl. Víðarr

NSR Coordinator: Björg Bára Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Heilbrigðisstjóri: Jón Bjarni Þorsteinsson fyrr. Alþjóða-

stjórnarmaður, Lkl. Mosfellsbæjar

ID Alþjóðastjórnarmaður 2023-2025:

Haldór Kristjánsson, Lkl. Ásbjörn

Heiðursjóður Guðrúnar

Bjartar(formaður): Hörður

Sigurjónsson, Lkl. Njörður

Ungmennaskiptastjóri: Björg Bára

Halldórsdóttir, Lkl. Rán

Laganefnd (form.): Eldjárn Árnason,

Lkl. Hafnarfjarðar

LCIF stjóri: Björn Guðmundsson,

Lkl. Hængur

PIP: Guðrún Björt Yngvadóttir,

Lkl. Eik

Medic Alert stjóri: Þór Steinarrson,

Lkl. Fjörgyn

Rauðu fjáðrar stjóri: Baldur Ingi

Karlsson, Lkl. Hængur

Formaður Kjaransorðunefndar.

Björg Bára Halldórsd., Lkl. Rán

Formaður þingnefndar: Sigrún

Ólafsdóttir, Lkl. Rán

Skoðunarmaður (aðal): Þorleifur

Sigurðsson, Lkl. Ásbirni.

Skoðunarmaður (aðal): Benjamín

Jósefsson, Lkl. Akranesi

Skoðunarmaður (vara): Halldóra J.

Ingibergsdóttir, Lkl. Eik

Skoðunarmaður (vara): Halldór K.

Hermannsson, Lkl. Grindavíkur

Varaumðæmisstjóri 109A: Thelma Rós

Kristinsdóttir, Lkl. Eden

Varaumðæmisstjóri 109B: Aðalsteinn

Hallgrímsson, Lkl. Vitaðsgjafi

Varaumðæmisstjóri (annar) 109A: Einar

Hilmarrson, Lkl. Laugardæla

Varaumðæmisstjóri (annar) 109B:

Framkvæmdastjórn

Lionshreyfingarinnar 2024 – 2025:

Alþjóðaforseti Fabrício Oliveira, Brazil;

Fyrrverandi alþjóðaforseti Dr. Patti Hill,

Canada;

Vara alþjóðaforseti, A.P. Singh, India;

Annar vara alþjóðaforseti Mark S. Lyon,

United States;

Þriðji vara alþjóðaforseti Dr. Manoj

Shah, Kenya.

Alþjóða stjórnarmenn á öðru ári:

Balkrishna Burlakoti, Nepal;

Feng-Chi Chen, China Taiwan;

Marie T. Cunning, USA;

Marcel Daniëls, Belgium;

Luis Jesus Castillo Gamboa, Panamá;

Babu Rao Ghattamaneni, India;

Masashi Hamano, Japan;

Edwin Guy Hollander, USA;

Sung-Gil Jung, Republic of Korea;

Halldór Kristjánsson, Ísland;

Danyal Kubin, Türkiye;

John Allen Lawrence, USA;

Steven Middlemiss, USA;

Hans J. Neidhardt, USA;

Joanne Ogden, Canada;

Anthony Paradiso, USA;

Katsuki Shirotsaka, Japan.

Alþjóðastjórnarmenn á fyrsta ári:

Raj Kumar Agarwal, India;

Guy-Bernard Brami, France;

Dr. Karl Brewi, Austria;

Debbie Cantrell, USA;

Chris Carlone, USA;

Luis Augusto David Caro Chong, Peru;

Dato' Yeow Wah Chin, Malaysia;

Lorena Hus, Slovenia; Ea-Up Kim,

Republic of Korea;

S. Magesh, India;

Robert "Ski" Marcinkowski, USA;

Pankaj Mehta, India;

Bert Nelson, USA;

Ramesh C. Prajapati, India;

Princess Bridget Adetope Iyachus,

Nigeria;

Graeme John Wilson, New Zealand;

David Wineman, USA;

Dong Zhao, China.

Upplag: 1000 eintök – Þökkun og dreifing: Lionsskrifstofan

Umbrot og prentun: Litlaprent ehf. Forsiðumynd: Forsiðumynd samsett mynd af ritstjóra

Ritstjórnargrein



Komið sælir ágætu lionsfélagar og aðrir lesendur. Þá er fimmta tölublað þessa starfsárs komið út. Þetta blað er eingöngu netblað.

Margar áhugaverðar greinar eru í þessu blaði sem ég hvet ykkur til að lesa og er blaðið litað af því að Rauðfjáðrarsala er um næstu helgi til styrktar Pieta samtökunum og svo fær komandi lionsþing okkar í Ólafsvík nokkuð pláss. Greinar frá ædstu embættismönnum okkar eru á sínum stað sem og greinar frá alþjóðaforseta og tvær LCIF greinar að vanda. Ég hvet ykkur til að lesa vel yfir blaðið. Dagskrá þinganna okkar í Ólafsvík er í blaðinu.

Forseti Íslands Frú Halla Tómasdóttir verndari Lions á Íslandi tók á móti fyrstu Rauðu fjöðrinni mánudaginn 31. mars sem markar upphaf sölunnar sem verður 4.-6. apríl. Sævar Skúli Þorleifsson tók myndir af athöfninni og kann ég honum bestur þakki fyrir.

Ég gæti haldið áfram að benda á greinar en læt þetta nægja í þetta sinn.

Þeir sem sendu greinar í blaðið þakka ég fyrir þeirra framlag og eins öllum þeim sem komu að útgáfu þessa blaðs.

Vinsamlegast sendið greinar á netfang okkar ásamt myndum.

Netfang Lionsblaðsins er: lionsbladid@lions.is

Með lionskveðju, Þorkell Cýrusson ritstjóri

Að Byggja Framtíð Okkar

Pistill Alþjóðaforseta



Kæru lionsfélagar,
Ein besta leiðin til að skilja eftir okkur spor er að tryggja að samtök okkar haldi áfram að blómstra. Mikilvægur hluti af því er að stækka tengslanet okkar ungra lionsfélaga. Ný sjónarhorn þeirra, eldmóður og drifkraftur eru lykiltríði í að tryggja sterka framtíð Alþjóðasamtaka Lions.

Til að laða að og virkja ungt fólk — og alla sem brenna fyrir þjónustu — er mikilvægt að klúbburinn ykkar sé hlýlegur, sérstakur og hvetjandi staður. Lionsklúbbur sem blómstar dregur ekki aðeins að nýja lionsmenn heldur styrkir einnig tengslin milli núverandi meðlima.

Hvað gæti verið betri leið til að höfða til væntanlegra meðlima en með sögum úr klúbbastarfinu? Ekki bara segið þeim hversu mikil áhrif klúbburinn ykkar hefur í samfélaginu

— sýnið þeim það. Talið frá hjartanu, deilið reynslu ykkar og leyfið sögunum ykkar að veita innblástur til að fræðast meira og taka þátt.

Næsta kynslóð Lions byrjar núna og hún byrjar á þér.

Til þjónustu fyrir ykkur

Fabricio Oliveira

Alþjóðaforseti, Lions Clubs International

Þýðing: Þorkell Cýrussón



Umdæmsstjóri 109 A - Skundum á þing

Inga Lóa Steinarsdóttir,

umdæmsstjóri 109A



Sólin hækkar á lofti, styttest í sumarið og Lóan hinum megin við hornið. Sem þýðir að þingið okkar, uppskeruhátíð starfsársins er á næsta leiti.

Þegar ég byrjaði í hreyfingunni vissi ég ekki að það væru haldin þing enda byrjaði ég minn feril sem lionessa og gekk í félagskapinn til að láta gott af mér leiða, hafi ekki hugsað út í alla umgjörðina sem er í Lions. Eftir að klúbburinn

minn breyttist yfir í Lions árið 2020 hef ég mætt á öll þing. Þó svo að það hafi verið vegna þess að ég hef verið að bjóða mig fram í embætti en núna þegar mínum umdæmsstjórakafli fer að ljúka þá hef ég ákveðið þó svo að ég mun ekki bjóða mig fram í embætti mun ég ávallt mæta á þing ef ég hef tök. Þetta er eitt af því skemmtilegasta sem ég upplifi í Lions heiminum. Þetta er einstakt tækifæri að kynnst öðrum félögum í báðum umdæmum, kynnst nýju fólki og fá víðari og dýpri sýn á starf okkar. Því að kynnst nýjum félögum, búa til tengsl á milli félaga og/-eða klúbba, taka spjallið og rökræður eru ómetanlegar sem veitir manni vellíðan og innblástur í komandi starfsár. Ég hef séð í gegnum tíðina venskap endurnýjast, frændfólk hittist og tengsl endurnýjuð.

Komandi þing er okkar 70. þing og því afmælisþing. Það verður haldið á Ólafsvík þar sem gestrisnin verður í hæstu hæðum. Til þess að ná til sem flestra félaga hafa þinggjöld verið lækkuð, verðið á lokahófinu haldið í lágmarki ásamt því að bjóða uppá styrk fyrir þá sem ferðast lengra en 150 km á þingsstað.

Við viljum sjá sem flesta, fá upplifunina beint í æð og fagna öllu því frábæra starfi sem við höfum unnið að þetta starfsár með félögum okkar.

Fyrir ykkur sem hafa aldrei farið á þig, endilega prófið að skella ykkur. Prufið eitthvað nýtt, kynnist nýrri hlið á Lions, starfinu og eignist nýja kunningja, vini og ég lofa ykkur að þetta þing verður létt, skemmtilegt með nýjum og öðruvísi uppákomum sem og við fáum góða gesti frá hinum Norðurlöndunum, Bretlandi og Pýskalandi. Og ég veit ekki betur heldur en staðarhaldarar lofa okkur góðu veðri enda verður sumarið gengið í garð, ja þeir ætla allavega gera sitt allra besta.

Kæru félagar, ég vonast til að sjá ykkur sem flest á þinginu hvort sem þið eruð að bjóða ykkur fram í embætti, mæta í skólanna eða bara langar að sjá og kynnst hvernig þetta er uppbyggt. Ég get lofað ykkur skemmtilegu kynningarkvöldi og hátíðarkvöldið okkar verður á heimsmælikvarða. Ekki gleyma danskónum.

Láttu slag standa, skráið ykkur eigi síðar en 9. apríl nk. á heimasíðu Lions <https://www.lions.is/is/lionsthing-2025/dagskra>

Hlakka til að sjá ykkur og fá að upplifa þingvegferðina með ykkur.

Áfram við og áfram Lions.

Skilafrestur á efni í næsta blað er 29. maí

Umdæmisstjóri 109 B

Sumarliði Ásgeirsson,

Umdæmisstjóri 109 B



Heimsóknir umdæmisstjóra í lionsklúbba gegna mikilvægu hlutverki við að styrkja böndin við klúbbfélaga og fá tilfinningu fyrir félagsandanum í klúbbunum. Þessar heimsóknir gefa ómetanleg tækifæri til tengslamyndunar, lærdóms og samstarfs, sem að lokum stuðlar að meiri árangri verkefna og starfa lionsklúbba.

Breiðafjarðarferjan Baldur var því miður í slipp þannig að ég ók 400 km, dásamlega fallega leið, til að heimsækja Lionsklúbb Patreksfjarðar en ég gat svo aftur á móti gengið niður Aðalgötuna í Stykkishólmi til að

heimsækja Lionsklúbbinn Hörpu, sem eru önnunum kafnar við að læra frönsku til að undirbúa ferðalag til Frakklands. Báðar þessar heimsóknir voru mjög fræðandi fyrir mig og upplýsandi hvort sem ég var að læra eitthvað nýtt eða að leggja til sögur úr mínu stutta Lions lífi, sem er ekki nema 14 ár eða veita 40 ára aldursviðurkenningar. Það er alltaf upplifun að kynna mismunandi félagsstarfi og mjög mismunandi dagskrár formi.

Í tvígang fórum við Halla Dís Hallfreðsdóttir og leiðsöguhundurinn Bassi saman í heimsóknir en við heimsóttum Lionsklúbbinn Öglu í Borgarnesi og Lionsklúbb karla í Ólafsvík. Í þessum heimsóknum sagði Halla Dís frá þeim straumhvörfum sem urðu á hennar lífi þegar hún fékk hundinn Bassa frá Svíþjóð, en Bassi var keyptur eftir Rauðufjarðar söfnun fyrir þremur árum. Það er hugljómun að hlusta á frásögn Höllu Dísar um samstarf þeirra Bassa og það öryggi sem leiðsöguhundurinn kom með inn í hennar líf.

Það var ekki síður ánægjulegt að heimsækja klúbbana Nesþinga á Hellisandi, bæði karla og kvennaklúbbana á Akranesi, Lionsklúbb Stykkishólms, Fold í Reykjavík, Lionsklúbbur karla í Mosfellsbæ og Lionsklúbburinn á Ísafirði en hann er fyrsti 100% Melvin Jones klúbburinn á Íslandi. Þá heimsótti ég Lionsklúbb Grundarfjarðar þegar þeir héldu Kútmagakvöld og var það mikil skemmtun.

Í öllum heimsóknum var mér afskaplega vel tekið og ég þakka fyrir góðar móttökur.

Ég á eftir að heimsækja Lionsklúbbinn í Hólmavík og Lionsklúbbinn Úr í Mosfellsbæ og verða þeir klúbbar heimsóttir fyrir þing.

Núna er Lions á Íslandi að fara aftur af stað í Rauðu fjarðar söfnun og er það von okkar að sem flestir lionsfélagar taki þátt í ár. Starf Píeta kemur inn á líf margra og er mikilvægt að hafa þessi úrræði.

Þingið í Ólafsvík er á næsta leiti og er það von okkar að sem flestir sjái sér fært að koma og læra í skólunum okkar, þ.e. formanna-, ritara-, gjaldkera- og ekki síst makaskólanum og ekki má gleyma svæðisstjóraskólanum. Ólafsvíkingar hafa verið að leggja mikla vinnu og metnað í þingið í ár og ég hef fulla trú á að þingið verði bæði skemmtilegt og gagnlegt. Það er alltaf gaman að hitta aðra lionsfélaga og mjög margir lionsfélagar hafa skráð sig á þingið nú þegar.



Lionsklúbburinn Rán og Lionsklúbbur Ólafsvíkur

Boðið til þings

Félögum í Lionsklúbba Ólafsvíkur og Lionsklúbbnum Rán er það mikil ánægja að bjóða til 70. fjöllumdæmisþings Lions í Ólafsvík dagana 25. - 26. apríl 2025. Þetta er í annað sinn sem við höldum þingið og er von okkar að þetta verði ekki síðra en það sem við höldum árið 2007. Ólafsvík verður miðstöð þinghaldsins og mun mannlíf bæjarins og næsta nágrennis að mestu snúast um það. Ýmislegt verður í boði bæði fyrir maka og þingfulltrúa, svo það er um að gera að kynna sér það. Þingið sjálft verður haldið í skólanum og íþróttahúsinu og eru þessi húsnæði hlið við hlið. Fólk getur síðan skellt sér til sunds eða legið í pottinum fyrir og eftir, þar sem sundlaugin er líka á sama stað. Einnig er góð aðstaða fyrir sjósund fyrir þá sem vilja svamla í sjónum.

Þar sem þetta er í 70. sinn sem þingið er haldið verður lagt aðeins meira í umgjörð þess. Verðið er lækkað á viðburð eins og lokahófið sem verður haldið í félagsheimilinu Klifi, en það er stórt og glæsilegt og getur rúmað allt að 400 manns. Boðið verður upp á fordrykk fyrir alla gesti, hátíðarkvöldverð, skemmtiatriði og dansleik með hljómsveitinni Festival.

Kynningarkvöldið og makaferðin er eitthvað sem engin má láta fram hjá sér fara. Kynningarkvöldið verður haldið í veiðarfæragemysslu sem verður útbúin eins og besti veislusalur. Boðið verður upp á djúpsteiktan fisk, franskar og annað góðgæti, síðan mun hljómsveitin Parma sjá um að fá fólk til að syngja og dansa. Makaferðin er yfirleitt óvissuferð, en af mörgu er að taka þegar fólk mætir á Snæfellsnesið.

Hvetjum ykkur til að skrá maka ykkar í þessa ferð, því það verður dekrað við þá.

Endilega kynnið ykkur nánar allt um þingið á lions.is og skrá sig sem fyrst, því þetta er viðburður sem engin vill missa af.

Við bjóðum því alla lionsfélaga velkomna á þingið, lionshátíðina og einstaka viðburði. Sjáumst heil í Ólafsvík dagana 25.- 26. apríl 2025.

F.h. þingnefndar, Lkl. Ólafsvíkur og Lkl. Ránar
Sigrún Ólafsdóttir

Fjölumdæmisstjóri MD 109

Geirprúður Fanney Bogadóttir,

Fjölumdæmisstjóri MD 109



Kæru félagar.

Nú er daginn tekið að lengja. Lóan er komin og vorið handan við hornið með öllum sínum blóma. Starfsárið er fullt af skemmtilegum og krefjandi verkefnum. Lions tileinkar, eins og við þekkjum, mánuðunum ákveðin verkefni. Október er mánuður sjónverndar, nóvember tileinkaður sykursýkisvörnum, í janúar vekjum við athygli á LCIF og mars er mánuður samstarfs Lions við Sameinuðu þjóðirnar en Alþjóðasamband Lions tók virkan þátt við stofnun Sameinuðu þjóðanna árið 1945 og hefur átt fulltrúa hjá SP síðan 1947. Það er gaman að geta þess að Guðrún Björt Yngva-

dóttir, fyrrverandi alþjóðaforseti, er nú fulltrúi LCI hjá Alþjóðaheilbrigðismálastofnunni, WHO.

Apríl er svo mánuður fjölskyldu og vina. Auðvitað eiga fjölskylda og vinir okkar alla mánuði ársins, en það er ljúft að Lions International skuli tileinka sérstaklega, þeim sem standa okkur næst, apríl mánuð, mánuðinn með alla sína birtu og gróanda.

Rauð fjöður, landssöfnun Lions, er á næsta leiti. Það eru ótal þræðir sem þarf að flétta saman svo úr verði það sterka reipi sem þarf til að allt gangi upp. Það skiptir mjög miklu máli fyrir okkur, Lions á Íslandi, að vel takist til – og þá á ég við að ekki bara söfnunin sem slík gangi vel – heldur líka að Lions fái athygli – að Lionsstarfið verði sýnilegt. Það er auglýsing sem kostar ekkert í króum talið, en skilur mikið eftir. Það eru margar hliðar á markaðs- og kynningarmálum og það verður að segjast eins og er að okkur hefur ekki gengið nægilega vel að vekja athygli á þeim fjölmörgu góðu verkefnum sem unnin eru undir merkjum Lions. Vissulega mun samstarf okkar við Píeta í tengslum við Rauðu fjaðrar verkefnið gera okkur sýnilegri um stund, a.m.k., en það er augljóst að við þurfum að skoða markaðs- og kynningarmálin frá öllum sjónarhornum með betri gleraugunum, velta upp hugmyndum, taka ákvarðanir og vinna út frá því.

Það efast enginn um gildi Lionshug-sjónarinnar – um mikilvægi Lionsstarfsins, en

við þurfum engu að síður að auglýsa okkur. Við þurfum að laða til okkar fólk. Sú staðreynd að jafnvel stærstu og þekktustu fyrirtæki veraldar auglýsa alla daga – segir meira en mörg orð.

Einföld aðgerð eins og að „líka við“ og „deila“ á Fb og Instagram er ókeypis auglýsing. EN sú auglýsing fer ekki á flug ef það erum bara við Lionsfélagarnir, sem deilum. Við þurfum að biðja vini okkar að deila og þeir að biðja vini sína og svo koll af kolli. Ein leið til að ná þessu markmiði er að auglýsingarnar séu grípanði, litríkar og flottar. Sannarlega hefur okkur farið fram en við getum gert betur. Okkur gæti tekist betur upp.

Undirbúningsvinna fyrir Lionsþingið í apríl er í fullum gangi. Það er tillökkunarefni að sækja Ólafsvíkinga heim og ég vona sannarlega að allir klúbbar sendi viðtakandi stjórnir á þingið – en höfum líka í huga að allir Lionsfélagar og makar þeirra eru velkomnir á þing. Fjölmönnum á þetta sjötugasta þing Lions á Íslandi.

Lions er einstakur vettvangur til að láta gott af sér leiða. Ég er snortin yfir öllum þeim góðu verkum sem unnin eru undir merkjum Lions. Látum ekki deigan síga. Höldum áfram að leggja lið.

Leggjumst á eitt því við erum sterkari saman.

Lionsklúbbar Ísafjarðar

Lionsklúbbar Ísafjarðar var stofnaður 25. júní 1957 og hefur því verið starfandi í hartnær 68 ár. Hann hefur staðið fyrir margs konar fjáröflunum þessi ár. Selt heimilisvörur m.a. og verkað harðfisk. Bleikjusala var sameiginlegt verkefni Lionsklúbba á norðanverðum Vestfjörðum. Fengu félagsmenn viðurkenningu fyrir góðan árangur af sölunni og var fjallað um hana í Chicago. Við fengum um árabíl lánað skipið Guðnýju til fiskveiða og var aflanum jafnan landað í Norðurtanga. Aflaðist undan-tekningalaust vel undir styrkri skipstjórn Kristjáns Jónssonar. Klúbburinn naut sérstakrar velvildar Sigurðar Sveinssonar frá Góustöðum útgerðarmanns og einnig kaupanda aflans, Norðurtangans. Andvirðið rann óskipt til vistheimilisins Bræðratungu.

Síðustu 25 ár hefur aðal fjáröflun verið skötuverkun sem er, eins og allir vita, ómissandi

á Þorláksmessu. Við þökkum íbúum Ísafjarðarbæjar og annars staðar fyrir að taka „Lions-skötunni“ sem og öðrum fjáröflunum okkar sérlega vel.

Andvirðinu hefur verið varið til margvíslegra mála hér í nærumhverfinu einkum þó til heilbrigðisstofnanna, heimilis aldraðra og þroskaheftra, Rauða krossins og auk þess höfum við notið aðstoðar Ísafjarðarkirkju til hjálpar þeim sem veikindi eða slys hafa hrjád.

Auk þessa studdum við, ásamt Ísafjarðarbæ og fleirum, vini okkar Færeyinga um eina miljón þegar þeir urðu fyrir tjóni í óveðri á Suðuroy. Andvirðið var nýtt til kaupa á bifreið til að aka eldri borgurum á hjúkrunarheimili í Vági.

Í dag gáfu félagar í Lionsklúbbi Ísafjarðar kr. 600.000 til hjúkrunarheimilisins Eyrar til kaupa á tveimur stórum sjónvarpsskjáum sem

kemur sér einkar vel fyrir íbúa stofnunarinnar. Auður Ólafsdóttir, hjúkrunarstjóri veitti gjöfinni móttöku og kunnir Lionsklúbbi Ísafjarðar bestu þakkir fyrir þessa hugulsömu gjöf.

F/h Lionsklúbb Ísafjarðar
Kristján Pálsson formaður





Upplýsingar frá þingstjórn

Ágætu lionsfélagar
Nú er heldur betur að stytast í Lionsþingið í Ólafsvík þess vegna hvetjum við alla sem eiga eftir að skrá sig að gera það. Svo þarf að ganga frá einu Kjörbréfi fyrir hvern klúbb sem sækir þingið.

Kjörbréf vegna Lionsþings 2025

Munið að skrá fulltrúa ykkar á lionsþingi sem hafa atkvæðisrétt fyrir ykkar hönd (að lágmarki þarf að skrá einn). Vinsamlega skráið bara þá sem mæta til þings og einnig varafulltrúa. Skráning fer fram á heimasíðu Lions www.lions.is, sjá meðfylgjand mynd.

Í lok skráningar er MJÖG MIKILVÆGT að rita: Nafn og embætti þess sem fyllir út kjörbréfið. Atkvæðaréttur hvers klúbbs er miðaður við félagafjölda 1. mars 2025.

Allar nánari upplýsingar um þingið koma svo jafnóðum inn á heimasíðuna og er skráð undir:

LIONSÞING 2025

Fyrir hönd þingstjórnar.

Hörður Sigurjónsson

8209910

Þing og Protocolstjóri Lions

Fjölumdamisþing

Dagskrá

1. Kosning embættismanna þingsins
2. Kveðja frá alþjóðaforseta;
 - Halldór Kristjánsson, alþjóðastjórnarmaður
3. Ársskýrsla fjölumdamisstjóra
4. Kjörbréfanefnd skilar álit
5. Reikningar Lions á Íslandi;
6. Rauð fjöður 2025
7. Alþjóðahjálparsjóðurinn – LCIF
8. – Hádegishlé -
9. Andleg heilsa og vellíðan;
 - Guðrún Björt Yngvadóttir, fyrrv. alþjóðaforseti
10. Breyting til að blómstra – Change to Thrive
 - Stewart Sherman-Kahn, fyrrv. fjölumdamisstjóri MD 105
11. Lions og fjölmiðlalæsi
 - Alma Líf Þorsteinsdóttir, Lkl. Kiddi
12. Kynningar, kjör og ávörp embættismanna
13. Önnur mál
14. Lionsþing á Laugarvatni 2026
15. Ákvörðun um þingstað 2027
16. – Kaffihlé -
17. Samstarfsverkefni Lions og Píeta – kynning
 - Ellen Calmon, framkvæmdastýra Píeta samtakanna
18. Rauð fjöður 2025 – Afhending á söfnunarfé
19. Viðurkenningar
20. Gaman saman
21. Þingslit

Birt með fyrirvara um mögulegar breytingar.

Nánari upplýsingar á heimasíðunni, lions.is

Geirþrúður Fanney Bogadóttir, fjölumdamisstjóri

Umdæmisþing 109A

Dagskrá

1. Opnun: Inga Lóa Steinarsdóttir, umdæmisstjóri
2. Kosning embættismanna þingsins: Inga Lóa Steinarsdóttir, umdæmisstjóri
 - a. Þingforseti
 - b. Þingritari
 - c. Kjörbréfanefnd
3. Ársskýrsla umdæmisstjórnar: Inga Lóa Steinarsdóttir, umdæmisstjóri
4. Umræður um ársskýrslu umdæmisstjórnar.
5. Kjörbréfanefnd skilar álití:
6. Kynning frambjóðenda:
 - a. Til embættis annars vara umdæmisstjóra í 109 A, starfsárið 2025-2026
 - b. Til embættis fyrsta vara umdæmisstjóra í 109 A, starfsárið 2025-2026
 - c. Til il embættis umdæmisstjóra í 109 A, starfsárið 2025-2026
7. Atkvæðagreiðsla
8. Kaffi
9. Sameiginleg kynning A og B umdæmis á verkefninu „sjón barna á grunnskóla stigi“ Stu Young, umdæmisstjóri 105 CW, Bretlandi
10. Kjöri frambjóðanda lýst
11. Ávörp nýkjörna embættismanna
12. Viðurkenningar
13. Önnur mál
14. Þingslit

ATH: Dagskráin er birt með fyrirvara um mögulegar breytingar.

Nánari upplýsingar er að finna á [Lions.is](https://lions.is)

Inga Lóa Steinarsdóttir, umdæmisstjóri 109A

Umdæmisþing 109B

Dagskrá

1. Opnun: Sumarliði Ásgeirsson, umdæmisstjóri
2. Kosning embættismanna þingsins: Sumarliði Ásgeirsson, umdæmisstjóri
 - a. Þingforseti
 - b. Þingritari
 - c. Kjörbréfanefnd
3. Ársskýrsla umdæmisstjórnar: Sumarliði Ásgeirsson, umdæmisstjóri
4. Umræður um ársskýrslu umdæmisstjórnar.
5. Kjörbréfanefnd skilar álití:
6. Kynning frambjóðenda:
 - a. Til embættis fyrsta vara umdæmisstjóra í 109 B, starfsárið 2025-2026
 - b. Til il embættis umdæmisstjóra í 109 B, starfsárið 2025-2026
7. Atkvæðagreiðsla
8. Kaffi
9. Sameiginleg kynning A og B umdæmis á verkefninu „sjón barna á grunnskóla stigi“ Stu Young, umdæmisstjóri 105 CW, Bretlandi
10. Kjöri frambjóðanda lýst
11. Ávörp nýkjörna embættismanna
12. Viðurkenningar
13. Önnur mál
14. Þingslit

ATH: Dagskráin er birt með fyrirvara um mögulegar breytingar.

Nánari upplýsingar er að finna á [Lions.is](https://lions.is)

Sumarliði Ásgeirsson, umdæmisstjóri 109B

LCIF – alþjóðahjálparsjóðurinn

Leikumhverfi: Meðferðarrými Svæðis barnasjúkrahússins í Wellington

Shelby Washington



Wellington Barnasjúkrahúsið, stofnað árið 1912, er elsta barnasjúkrahús Nýja Sjálands. Þetta sjúkrahús meðhöndlar börn frá fæðingu til 18 ára aldurs og er eitt fimm sjúkrahúsa landsins sem sinna sérhæfðum barnaskurðlækningum. Skurðþjónusta þess nær út fyrir Wellington og meðhöndlar börn frá stærstum hluta norður- og suðureyjanna.

Sjúkrahúsbyggingin, sem orðin er yfir 30 ára gömul, þarfnadist sárlega viðhalds og endurnýjunar. Þröng úrelt meðferðarrými, engin sér fjölskyldurými og mjög ófullnægjandi einangrunaraðstaða olli því að sjúkrahúsið átti í erfiðleikum með sinna vaxandi álagi. Lionsklúbbar í umdæmi 202-M hafa stutt vel við Wellington Barnasjúkrahúsið og hjálpuðu til við fjáröflun fyrir svipaða aðstöðu á gamla sjúkrahúsinu fyrir um 30 árum. Þegar tilkynnt var um áætlanir um nýjan barnaspítala með endurhæfingar- og meðferðaraðstöðu utandyra hikuðu lionsfélagar ekki við að sýna stuðning og hjálpa til við að safna fé. Þetta metnaðarfulla framtak, sem var leitt af umdæmi 202-M Lions, fékk stuðning víðsvegar að af svæðinu, þar á meðal frá Lloyd Morgan Lions Clubs Charitable Trust og Lionsklúbbum frá umdæmum 202-D og 202-E, alls um 95 klúbbum sem fylktu sér að baki verkefninu og sófnuðu 500.000 Bandaríkjadöllum á aðeins 12 mánuðum. Til að styrkja verkefnið veitti Alþjóðahjálparsjóður Lions (LCIF) einnig 100.000 Bandaríkjadala jöfnunar styrk.

Við hönnun nýja Barnasjúkrahússins í Wellington var hannað glæsilegt nýtt Leikumhverfi "Te Wao Nui" sem styrkt er af Lions. Þessi endurhæfingar- og meðferðaraðstaða utandyra hefur fært gleði, hreyfingu og bata í umhverfi sjúkrahússins í heild sinni. Eins og er, veitir

aðstaðan öllum ungum sjúklingum margs konar ávinning af meðferð, endurhæfingu og þroskaþjálfun, ávinning eins og bætta hreyfingu, aðstoð við bæði fín- og gröfhreyfingar og vitsmunapróska.

Leikumhverfið er bæði leiksvæði og sólríkt útisvæði sem snýr í norður fyrir fjölskyldur sem þurfa hvíld frá sjúkrahúslífinu. Það hefur einnig annað meðferðarrými, með ýmsum búnaði og á mismunandi stigum sem bjóða upp á hreyfingar-, snerpu- og jafnvægisáskoranir fyrir börn sem þurfa aukinn stuðning til að ná markmiðum sjúkrahúslífunar eða þroskaáföngum barna. Barnaþróunarþjónusta sjúkrahússins, sem veitir sérhæfða umönnun fyrir börn með líkamlega og vitsmunalega fötlun eða þroskahömlun, notar einnig þetta rými til að hjálpa börnum að dafna.

Jöfnunarstyrkir Alþjóðahjálparsjóðsins (LCIF) aðstoða við fjármögnun til að koma á fót eða stækka mannúðarverkefni að frumkvæði Lions sem taka á mikilvægum og fjölbreyttum mannlegum og félagslegum þörfum um allan heim.

Frekari upplýsingar um hvernig jöfnunarstyrkir eru að breyta lífi fólks um allan heim á lionsclubs.org/matching-grant.

Þýðing: Anna Blöndal


- i Hvað þýðir Te Wao Nui? Nafnið er dregið af Te Wao Nui a Tāne og þýðir "Skógurinn mikli" og endurspeglar vistkerfi samþætt heilbrigðisþjónustu sem hönnuð er fyrir börn, ungmenni og fjölskyldur þeirra á miðhluta Nýja Sjálands ásamt því að sinna menningar- og samfélagslegum gldum Maoria um að tilheyra og tengjast því að vera hluti af stórfjölskyldu (jafnvel ættbálki).

Kæru Lionsfélagar - Að bregðast við af manngæsku

Pörfin fyrir aðstoð Alþjóðahjálparsjóðs Lions minnkar ekki. Það dynja á okkur fréttir um náttúruhamfarir ásamt hörmungum af mannavöldum. Við ráðum ekki við náttúruöflin og jafnvel enn síður árásir þjóða á heimili og borgara annarra landa - en við getum ráðið eigin viðbrögðum við afleiðingunum. Jarðskjálfti í Mjanmar hefur kostað fjölda mannlífa og skilið svæðið sem verst varð úti í rúst. Gríðarleg eyðilegging er í Mjanmar og Tailandi, þar sem hundruð eru föst undir rústum og fjölskyldur eru á flóttu. LCIF hefur þegar brugðist við en betur má. LCIF hefur sett upp hlekk á söfnun á facebook síðu sjóðsins. <https://bit.ly/4jbydJ2>

<https://www.facebook.com/LCIFLions>

Í Úkraínu er ástandið- síst að batna og við í Lionshreyfingunni á Íslandi erum aðilar að ofna verkefninu (WICTU 3). Þörfin vex með degi hverjum. Við hér á landi getum illa sett okkur í spor þess fólks sem upplifir afleiðingar styrjalda á eigin skinni og er í raun flóttamenn í eigin landi. En við getum lagt lið og styrkt verkefnið. Þetta er samstarfsverkefni norræna Lionsumdæma en rekið af Lions í Finnlandi. Þetta verkefni er einnig LCIF verkefni.



EPA-EFE – NARONG SANGNAK -Mjanmar.

Nú er langt liðið á þetta starfsár og innan við mánuður í Lionsþingið – við í LCIF teyminu hvetjum lionsklúbba og lionsfélaga sem einstaklinga til að leggja lið í þessum verkefnum fyrir lok starfsárs. Hjálparstarf okkar lionsfélaga á Íslandi og í heiminum umhverfis okkur í gegnum Alþjóðahjálparsjóðinn er kjarninn í lionsstarfinu. Við leggjum lið þar sem hjálpar er þörf bæði í okkar eigin samfélagi og alþjóðasamfélaginu.



<https://www.facebook.com/groups/wictu>

Við erum Lions – Við leggjum lið

Takk fyrir ómetanlegan stuðning til margra ára og tryggð við lions hugsjónina.

Björn Guðmundsson
Geirþrúður Fanney Bogadóttir
Anna Fr. Blöndal



Lionsklúbbur Vestmannaeyja

Lionsmenn smíða sólpall fyrir Hraunbúðir, Dvalarheimili aldraðra í Vestmannaeyjum



Lionsmenn smíða sólpall fyrir Hraunbúðir, Dvalarheimili aldraðra í Vestmannaeyjum.

Undanfarnar helgar hafa félagar í Lionsklúbbi Vestmannaeyja staðið í miklum framkvæmdum við Dvalarheimili aldraðra við byggingu á 110 fermetra sólpalli við vestur álmu heimilisins, þar sem dagdvölin Bjargið er með sína aðstöðu. Stjórnendur heimilisins höfðu samband við við okkur lionsfélaga í haust, þegar við vorum að innrétta aðstöðu fyrir Karla í Skúrum í kjallaranum á Hraunbúðum og sáu hvað við félagarnir voru laghentir og afköstin mikil og vorum við allir jákvæðir að taka verkið að okkur.

Verkefnið hófst í lok febrúar og mæting mjög góð og mikill hugur í mönnum. Byrjað var á því að grafa fyrir undirstöðum og steypa niður burðarvirkið og helgarnar á eftir var haldið áfram af fullum krafti í smíðavinnunni og var pallasmíðinni lokið helgina 22. mars 2025.

Mikil ánægja er með framkvæmdina og hlakkar heimilsfólki og starfsfólki að fá þessa glæsilegu aðstöðu í notkun fyrir sumarið sem verður örugglega sólríkt eins og þau eru oftast í Vestmannaeyjum.

Óskar Pétur Friðriksson
Sigmar Georgsson



Umhverfisstjóri

Alþjóðlegur dagur umhverfisins 5.júní 2025



Kæru lionsfélagar. Hvetjum ykkur til að taka þátt þann 5. júní, í þágu umhverfisins. Höfum áhrif, það er svo margt sem við getum gert. Nefndin leggur til að klúbbar velji sér eitt af þrem verkefnum hér að neðan. Margir klúbbar eru með sérstök umhverfisverkefni í sínu nær samfélagi og er það vel. Verum sýnileg, setjum fréttatilkynningu í staðarblað eða það blað sem við á. Notum síður klúbbana okkar og okkar eigin. Hvetjum almenning til þátttöku, gerum daginn fjölskylduvænan og endum jafnvel á grilli.

Val um þrjú verkefni.

Hreinsun nærumhverfisins.

Á ALÞJÓÐLEA DEGI UMHVERFISINS 5.JÚNÍ eða þar um kring.

Tinum plast og annað rusl í okkar nærumhverfi, tilvalið að hafa plokköntung og glæra

sorppoka. Flokka plast sér og annað rusl sér. Við hvetjum klúbba til að hafa samband við sitt bæjarfélag eða sveitarfélag, láta vita af verkefninu og hvort ekki megi skila rusli endurgjaldslaust á sorpeyðingarstöð.

Gróðursetja tré, hlúa að trjálundinum eða forrækta.

Margir klúbbar eru með gróðurreit í sinni umsjá, tilvalið að velja daginn til gróðursetningar eða aðra umhirðu.

Að forrækta tré, en víða finnast lítil birki ungvíði sem hafa sáð sér á staði þar sem þau eiga sér ekki lífsvon. Til að mynda við gangstíga, milli steina, í flöt nálgæt birkitré, vegköntum og fleiri stöðum. Auðvelt er að taka þau upp þar sem rötin er ekki löng og koma fyrir í potti með góðri mold og lífrænum áburði. Best er að leyfa þeim að vaxa í tvö til þrjú ár eða þar

til þau eru orðin um 50 cm. Það mætti nota dósir undan skyri og skera nokkur göt á botninn ef vantar gróðurlaust.

Skiptimarkað, þar sem félagar geta losað sig við eigulega hluti sem þeir eru hættir að nota, en geta gagnast öðrum. (Textíl, verkfæri úr bílskúrnum eða annað).

Verum sýnileg, höfum gaman saman og njótum um leið og við leggjum okkar af mörkum í þágu umhverfisins.

Fyrir hönd umhverfisnefndar.

Dagný Finnsdóttir

Umhverfisstjóri MD 109



Eldriborgara veisla Lionsklúbbs Skagafjarðar



Gestir sestir að borðum



Lionsmenn við undirbúning

Félagar í Lionsklúbbi Skagafjarðar buðu eldri borgurum til kvöldverðar að Löngumýri um miðjan janúar síðastliðinn. Mæting var mjög góð eða 140 manns, fyrir utan klúbbféлага. Á matseðlinum var steikt lambalæri með hefðbundnu meðlæti og kaffi og kaka í eftirrétt.

Formaður klúbbsins, Friðbjörn Ásbjörnsson, bauð gesti velkomna og bauð þeim að njóta sem best. Til skemmtunar las Agnar Gunnarsson upp sögu að vestan, Eyþór Árnason las upp úr nýútkominni bók sinni, Þar sem dragsúgurinn er hvítur refur. Söngtríóið Hljómbra säng nokkur lög við undirleik Rögnvaldar Valbergssonar við góðar undirtektir.

Friðbjörn formaður þakkaði gestum okkar fyrir skemmtilega kvöldstund og óskaði þeim góðrar heimferðar.

Þessi viðburður er orðinn fastur liður í starfi okkar og tókum við fullan þátt í undirbúningi og uppsetningu fyrir borðhaldið, við aðstoðum starfsfólk Löngumýrar við matseld og sjáum alveg um þjónustu við borðhaldið.

Myndir tók Gunnar Rögnvaldsson, stadarhaldari á Löngumýri.



Friðbjörn Ásbjörnsson, formaður Lionsklúbbs Skagafjarðar, býður gesti velkomna



Hljómbra skemmtir gestum



Gestir að loknum veisluhöldum

Heiðurssjóður Guðrúnar Bjartar.
Munum eftir Heiðurssjóðnum, öll framlög í hann skipta máli.
Upplýsingar eru á skrifstofu Lions.

Lions og Special Olympics

ný tækifæri í starfi Lions

Guðrún Björt Yngvadóttir,

Fyrirv. Alþjóðaforseti Lions



tækifæri á spennandi verkefnum í samstarfi Lions og SO Ísland.



Timothy Shriver og undirrituð

SO stofnað af Kenedy fjölskyldunni

Special Olympics voru stofnuð af Kennedy fjölskyldunni í Bandaríkjunum árið 1968 en það var Eunice Kennedy Shriver (systir John F. Kennedy) sem stofnaði samtökin og leiddi þau í áratugi. Nú er sonur hennar Timothy Kennedy Shriver í forsvari fyrir SOI.

Árið 2000 voru þátttakendur innan Special Olympics International um ein milljón en sett var á fót markvisst átak í þeim tilgangi að fjölda iðkendum um allan heim og árið 2025 eru iðkendur að nálgast 6 milljónir. Áhersla hefur verið lögð á að ná til fátækari landa og að skapa börnum þar tækifæri til íþróttaiðkunar.



Special Olympics á Íslandi

Special Olympics á Íslandi hefur notið mikils stuðnings frá SO International og SO í Evrópu og leitað hefur verið leiða til að styrkja sérverkefni sem Ísland hefur sett á fót. Nýjasta verkefnið tengist „Unified sport“ eða íþróttum þar sem fatlaðir og ófatlaðir æfa og keppa saman. Framundan eru margir íþróttaviðburðir sem SO á Íslandi styður og þá eru Lionsfélagar hvattir til að taka þátt, bæði sem áhorfendur og að leggja fram vinnu. Það sem af er þessu ári hafa þrjár viðburðir SO á Íslandi tengst Lions.

ALLIR MEÐ, samstarf SO, LCIF og AAOT

Special Olympics á Íslandi fær á þessu ári og næstu þrjú árin styrk frá LCIF - Alþjóðahjálparsjóði Lions og AAOT, sem er hjálparsjóður sem Indverski Lionsfélagi, Aruna Abhey Oswald stofnaði, til að leggja góðum málum



lið. Styrkir sem SO á Íslandi fær munu nýstast íþróttaviðburðum sem hafa tengingu við Lions, þ.e. þar sem Lionsfélagar taka þátt og leggja lið. Þetta skapar frábær tækifæri fyrir okkur í Lions að vinna með þessum virtu samtökum, SO, styðja íþróttir fyrir fatlaða og vekja athygli á okkar góða samstarfi.



Unified DANCES-keppni á Ítalíu

Nýjasta verkefni SO tengist Unified sport eða íþróttum þar sem fatlaðir og ófatlaðir æfa og keppa saman.

Þessi flotti banner er til kynningar á verkefninu, en á honum er mynd af „unified“ dansparinu Þórdísi og Ingólfi Bjarti sem kepptu á heimsleikum Special Olympics í Torino í mars 2025. Eins og sjá má eru okkar merki (logo) á bannernum, en við Anna Karólína framkvæmdastjóri SO á Íslandi stilltum okkur upp við bannernum þegar hann var notaður í fyrsta sinn á viðburði 15. Febrúar s.l.



Íslandsleikarnir á Selfossi 29-30. mars.

Leikarnir eru fyrir alla sem finna sig ekki í hefðbundnum íþróttum eða eru með stuðningsþarfir.

Á leikunum voru fimm íþróttagreinir í boði; fótþolfti, körfubolti, handbolti, fimleikar og frjálssar. Hver íþróttagrein var með opna æfingu og mót yfir helgina þar sem öllum var frjálst að mæta og taka þátt. Á þessum æfingum voru margir þjálfarar og markmiðið var að allir fái tækifæri til að taka þátt á sínum forsendum.

Íþróttir fyrir fatlaða

Lionsklúbbar á Íslandi hafa lengi stutt fatlaða í ýmsum verkefnum, þar með talið í íþróttum. Margir klúbbar hafa einnig stutt Íþróttasamband fatlaðra (ÍF) með fjárframlögum. Hlutverk ÍF er að hafa umsjón með þeim íþróttagreinum sem fatlaðir iðka á Íslandi og gæta hagsmuna allra fötlunarhópa sem eru hluti af sambandinu en þeir eru iðkendur með þroskahömlun, hreyfihömlun, sjónskerðingu og blindu.

Íþróttasamband Fatlaðra gerðist aðili að „Special Olympics“ (SO) árið 1989 og hefur síðan þá verið umsjónaraðili samtakanna á Íslandi. Anna Karólína Vilhjálmisdóttir framkvæmdastjóri SO á Íslandi.



Special Olympics – Allir eru sigurvegarar

Special Olympics byggir á leikreglum í íþróttum, þar sem allir eiga sömu möguleika á að vinna til verðlauna; allir sigra. Special Olympics er gríðarlega öflug samtök, með mikla útbreiðslu um allan heim og njóta virðingar og stuðnings sem gerir þeim kleift að styrkja íþróttastarf og heilbriggt líf, og standa fyrir stórum viðburði svo sem heimsleika í sumar- og vetraríþróttum. Lionsklúbbar um allan heim hafa stutt SO og er LCIF einn af mikilvægustu samstarfsaðilum SO. Með tilkomu sérstakra styrkja til verkefna hér á landi, eru aukin



Lionsfélagar í Lkl. Emblu og Lkl. Selfoss lögðu lið við Íslandsleikana „Allir með“ á Selfossi síðustu helgi í mars. Meðal annars þá aðstoðuðu þau við morgunverð fyrir þátttakendur sem gistu á Selfossi yfir helgina. Einnig tóku Lionsfélagar þátt í verðlaunaafhendingu í lokaathöfn leikanna.

Íslandsmót í Boccía í Reykjanesbæ 22.-23. febrúar 2025

Síðustu helgina í febrúar var haldið Íslandsmót Íþróttasambands fatlaðra í Boccía. Lionsklúbbar á Suðurnesjum settu sterkan svip á mótið með góðri dómgæslu og ritarastörfum og þá voru félagar í Lions einnig að afhenda verðlaun á mótinu



Félagar úr Lkl. Æsu og Freyju voru í lykhillutverkum á Íslandsmóti ÍF í Boccía í Reykjanesbæ



Stjórn og starfsfólk Íþróttasambands fatlaðra vildi koma á framfæri innilegu þakklæti til Lions og stjórnar Íþróttafélagsins Ness fyrir vel skipulagt og öflugt mót. Mótið tókst vel og mótshöldurum til sóma.

Hjólástóla-Karfa

Fyrsta verkefnið á þessu ári undir merkjum Allir með og SO, var hjólástóla-körfubolti sem haldin var í Kringlunni 15. febrúar. Mikill fjöldi mætti til að fylgjast með, Lionsfélagar af



höfuðborgarsvæðinu og frá Akureyri, ásamt þeim Væb-bræðrum sem spiluðu og sungu og kepptu í hjólástjóra-körfu.



Þrjár kynslóðir saman

Körfuboltastelpan með mömmu sinni og ömmu sinni, Helgu sem er í Lkl. Úu Mosfesslbæ. Þjálfarinn er við hlið litla keppandans og lengst til vinstri er Valdimar Gunnarsson verkefnisstjóri Allir með. Mér fannst virkilega gaman að vera með og sjá gleðina hjá öllum þátttakendum og eldmóðinn hjá aðstandendum.



Árni og Gerður frá Akureyri létu sig ekki vanta.



Samstarfssamningur undirritaður

Höfðinglegur stuðningur LCIF

LCIF Alþjóðahjálparsejður Lions hefur stutt ríkulega við Special Olympics International í yfir 20 ár, þar með talið 30 milljónir Bandaríkjadala beint til Special Olympics. Hvað eru það miklir peningar? Ef við segum að það sé að jafnaði 1 ½ milljón dollara á ári í 20 ár, þá er það nálægt 200 milljónir íslenskra krónur á ári. Þetta er hægt vegna ríkulegs stuðningi okkar allra til LCIF. Við Lionsfélagar erum stolt af því að styðja fatlaða í leik og starfi.



SO og Lions styðja unga leiðtoga

En samstarfið og stuðningurinn er mun meiri og fjölbættari. Til viðbótar má nefna: Yfir 465.000 íþróttamenn hafa fengið sjónmælingu í gegnum Opening Eyes verkefnið og þeir sem þurfa hafa fengið gleraugu. Meira en 20.000 Lionsfélagar hafa unnið við Special Olympics viðburði. Stuðningur við 14 þjóðir til að innleiða áætlun sem styður íþróttir án aðgreiningar til íþróttamanna á Special Olympics og ungmennum á flóttu. Margir Lionsklúbbar helga allt sitt starf stuðningi við Special Olympics, halda íþróttaviðburði, en bjóða einnig upp á heilsueflandi viðburði og fræðslu, sjónmælingu, sykursýkismælingu, matreiðsunámskeið og fleira sem styrkir og bætir lífið.

Svo má nefna Global Youth Leadership Forum, sem er alþjóðlegur vettvangur fyrir ungmenntu til að þroska leiðtogaþæfileika sína. Þar mæta bæði fatlaðir og ófatlaðir frá aðildarlöndum SO.



Boccía í Hafnarfirði með alþjóðaforseta

Fabricio Oliveira alþjóðaforseti heimsótti Lionsklúbb Hafnarfjarðar í lok október ásamt fleiri Lionsfélögum til að kynna dómara- störfum klúbbsins hjá íþróttafélaginu Firði, félagi fatlaðra, sem klúbburinn hefur styrkt í um fimmtán ár. Fabricio fékk að reyna sig í Boccía með góðum árangri. Óskaði hann klúbbfélögum til hamingju með glæsilegt verkefni og veitti þeim viðurkenningu fyrir höfðinglegan fjárstuðning til íþróttafélagsins.



Lionsklúbburinn Hængur

Hængsmótið á Akureyri er íþróttaviðburður á landsvísu fyrir fatlað íþróttafólk er orðinn fastur liður í verkefnavali íþróttafólksins og fjölmörg mót aðildarféлага ÍF eru haldin í samstarfi við

Lionsklúbba. Auk þess starfa fulltrúar Lionsklúbba á mótum ÍF og koma að starfi aðildarfélag ÍF með aðstoð við mótahald og æfingar. Samstarfið hefur verið einstaklega mikilvægt og árangursríkt allt frá upphafi. Íþróttasamband fatlaðra kann að meta stuðning Lions um áratugaskeið og þakkar félögum Lionsklúbbsins Hængs fyrir einstakt samstarf og framkvæmd glæsilegs Íslandsmót í Boccia.



Íslandsmót í Boccia á Akureyri 2024

Mótið var tengt við Hængsmótið sem félagar Lionsklúbbsins Hængs á Akureyri skipuleggja ár hvert og 2025 eru liðin 40 ár frá því fyrsta mótið var haldið. Ótrúleg saga að baki og félagsmenn láta allt til hliðar þá helgi sem Hængsmótið fer fram, þar er skyldumæting og allir mæta með bros á vör. Slíkir liðsmenn eru hverju samfélagi gríðarlega mikilvægir. Lionshreyfingin hefur í áratugi staðið vel að baki starfi ÍF og aðildarféлага ÍF.

HEIMSLEIKAR 2025



Leikar sem byggja á vináttu, gleði og samkennd

Heimsleikum Special Olympics á Ítalíu lauk 15. mars með glæsilegum lokahátíðum í Torino og skíðasvæðinu Sestriere. Æðsta forysta Lions, m.a. formaður LCIF tekur þátt. Ísland hefur átt keppendur í listhlaupi á skautum á heimsleikum Special Olympics frá árinu 2005 og tveir keppendur tóku þátt nú, þau Bjarki Rúnar Steinarsson og Védís Harðardóttir, bæði frá skautadeild Aspar. Ísland sendi í fyrsta skipti keppanda í alpagreinum, Victóríu Ósk Guðmundsdóttur. Dans er ný keppnisgrein á leikunum og Íslandi sendi „unified“ lið, þau Ingólf Bjart Magnússon, sem jafnframt er danskennari og Þórdísi Erlingsdóttur. Þau koma frá Dansfélaginu Hvönn.

Magnús Orri

Á lokahátíðinni í Torino var Magnús Orri Arnarsson kallaður upp á svið þar sem hann tók á móti viðurkenningu sem íþróttamaður

sem hefur stigið upp og látið drauma sína rætast. Magnús var ljósmyndari á ráðstefnu Evrópuleiðtoga Special Olympics haustið 2024 og á ungmennaráðstefnunni, Youth Summit í Torino. Magnús Orri og Jón Aðalsteinn Bergsveinsson, kynningarfulltrúi UMFÍ og ritstjóri Skinfxa skipuðu fjölmiðlateymi Special Olympics á Íslandi á leikunum, undir heitinu „Unified Media Team“ Þeir tóku myndir, unnu fréttir og tóku viðtöl m.a. magnað viðtal við Timothy Kennedy Shriver, forsvarsmann SOI.



Magnús Orri og Jón Aðalsteinn með Önnu Karólínu.

Anna Karólína okkar kona, og Patti Hill formaður LCI, líka okkar kona og David Evangelista sem er yfir SO í Evrópu.

Mikilvægt 50 ára starf SO



50 ára afmælis SO var fagnað á Kennedy húsunum á Cape Cod

Í tilefni 50 ára afmælis SO var haldin afmælis-hátíð og íþróttaviðburður í glæsilegum húsa-kynnum Kennedy-fjölskyldunnar. Boðið var helstu samstarfsaðilum SO, þar með talið Lions og helstu SO-stjörnum, sem eru fatlaðar íþróttahetjur, sem gerst sendiherrar SO. Ég var fulltrúi Lions og flutti opnunarræðu og fékk leiðsögn um húsin og söguna. Við skoðuðum meðal annars húsið þar sem John og Jackie bjuggu. Kennedy fjölskyldan voru gestgjafar á þessari hátíð og tóku virkan þátt í allri dagskránni.

Kennedy húsin eða „The Kennedy-Compound“ er svæði með þremur húsum og stórum garði í Hyannis Port, Massachusetts á Cape Cod. Þar var heimili Joseph P. Kennedy og konu hans Rose og níu barna þeirra, þar á meðal John F. Kennedy og Ethel systir hans sem stofnaði SO.



Hver er Aruna?

Hver er þessi kona sem er að styðja okkur á Íslandi? Á myndinni erum við Aruna að horfa á fótboltaleik SO í Chicago 2018. Aruna A. Oswal hefur verið Lionsfélagi á Indlandi síðan 1989 og hefur gegnt öllum helstu embættum í sínu umdæmi, verið m.a. umdæmisstjóri og LCIF-stjóri. Hún var í alþjóðastjórn Lions 2016-2018 og sat í stjórn LCIF 2018-2021 og 2021-2024. Hún er lang raunsnarlegasti Lionsfélagi fyrir og síðar, hefur gefið um 9 milljónir dollara til beint til LCIF, fyrir utan allt annað. Hún stofnaði sjóðinn „Aruna Ahbey Oswal Trust“ AAOT, en hlutverk hans er að styðja þá sem minna mega sín, einkum börn og ungmenni, og til að bæta lífsgæði þeirra.

Aruna var í Torino á SO heimsleikumunum og þar var endurnýjaður samningur milli SO og AAOT. Sem hluti af sameiginlegri skuldbindingu um íþróttir án aðgreiningar, hefur AAOT skuldbundið sig aftur til að styðja enn frekar við valdeflingu einstaklinga með vitsmuna- og þroskahömlun (IDD) víðs vegar um Karíbahafið og Evrópu.

Takk fyrir stuðninginn við okkur á Íslandi kæra Aruna.

Guðrún Björt Yngvadóttir
Fyrirverandi alþjóðaforseti



Fjölskyldubingó Lionsklúbbsins Eikar



Lionsklúbburinn Eik heldur áfram að fagna 40 ára afmæli klúbbsins. Nýlega héldum við fjölskyldubingó sem fram fór í Safnaðarheimili Vídalínskirkju. Það voru fjölbreyttir vinningar en mikið tengt páskunum. Ungviðið kundi mjög vel að meta. Ágóðinn fer til tækjakaupa fyrir hjúkunarheimilið Ísafold.

Laufey





Munið minningarkort Lions

Falleg minningarkort Lions fáanleg hjá öllum Lionsklúbbum og á skrifstofu
Lionshreyfingarinnar í síma 561 3122.
<https://www.lions.is/is/minningarkort>

EFLUM ÍSLENSKA HJÁLPARSJÓÐ LIONSHREYFINGARINNAR.

Lionsklúbbur Stykkishólms

Ekrur, sem aldrei sleppir



Það var glaðbeittur hópur félaga í Lionsklúbbi Stykkishólms ásamt eiginkonum sem lagði upp í listireisu föstudaginn 21. mars áleiðis norður í Eyjafjörð í heimsókn til félaga okkar í Lkl. Vitaðsgjafa í Eyjafjarðarsveit. Það segir í fornum bókum að vitaðsgjafi séu „Ekrur sem aldrei sleppir“ sem sagt þar sem uppskeran bregst aldrei. Einn slíkur var til forna í Eyjafjarðarsveit og af akri þeim dregur klúbburinn, Vitaðsgjafi nafn sitt.

Í fyrstu var stefnan sett á Stafholtstungurnar í Borgarfirði þar sem hjónin Skarphéðinn Berg Steinarsson og Sigríður Jóhannesdóttir biðu okkar í gamla íbúðarhúsinu í Sólheimatungu. Húsið var skoðað hátt og lágt enda stórt og reisulegt, byggt 1906, hlaðið steinhús og efníð sótt í Grjótásem rennur þar nærri.

Eftir notalega stund í Sólheimatungu var lagt í hann á ný og ekið sem leiði liggur norður á Akureyri.

Eftir góðan nætursvefn á hótél Akureyri hittum við fyrir félagi í Lkl. Vitaðsgjafa þá Sigurgeir Hreinsson og Aðalstein Hallgrímsson, varaumdæmisstjóra, sem fóru með okkur í skoðunarferð um Eyjafjarðardali undir dyggri leiðsögn Sigurgeirs.

Fyrsta stopp var á hestabúgarðinum að Hólshúsum þar sem Kolbrún Ingólfssdóttir og Valur Ásmundsson tóku á móti okkur og lýstu staðnum og ræktunarstarfinu þar. Ekki þótti verra þegar í ljós koma að Valur er ættaður af Snæfellsnesinu og mörg í hópnum þekjka til fólksins hans á nesinu.

Að Hólshúsum er nýbúið að byggja myndarlega yfir starfseminu í húsi sem rúmar góða aðstöðu fyrir menn og hesta ásamt reiðskemmu. Það vakti athygli okkar hversu vel hefur verið hugað að velferð hestanna og allt gert til að aðstæðurnar séu sem bestar fyrir hrossin sem eru

þjálfuð þar. Það var ekki laust við að það færi fiðringur um hestamennina í hópnum sem blóðlangaði til að prófa aðstöðuna og reyna hestakostinn á staðnum.

Að því loknu var staldrað við á hinu forna stór býli Grund í Eyjafirði þar sem Sigurgeir sagði okkur frá ótrúlegu lífshlaupi athafnarmannsins Magnúsar Sigurðssonar (1846-1925 sem óx upp í sárri fátækt en hafði ungur einsett sér að verða bóndi að Grund með tíð og tíma. Það gekk eftir og gott betur því Magnús efnadist það vel að hann byggði á eigin kostnað 1904 kirkjuna að Grund. Kirkjan er eins og alkunnugt er fallett og myndarlegt mannvirki, tekur yfir 300 manns í sæti og sómir sér vel á staðnum.

Því næst var haldið heim að Saurbær þar sem kýrin Edda, stærsta kýr landsins blasir við gestum. Edda stendur vel undir nafni, enda fór í hana 1,2 tonn af járn. En Edda er ekki bara stór, listaverkið leynir á sér og geymir ýmis spakmæli sem hafa verið skorinn í járníð og gaman er að leita uppi og lesa. Það er vel þess virði að gefa sér góðan tíma til að heimsækja Eddu og klappa um hupp og nára og lesa sig í gegnum spekina sem Edda ber í sér.

Að Saurbæ tók Sigurður Steingrímsson á móti okkur og sagði okkur frá staðháttum og félaginu Búsögu og framtíðaráformum um varðveislu búnaðarsögunnar á staðnum. Gömlu gripahúsin að Saurbæ bera þess vitni að víða hefur verið myndarlega byggt í Eyjafjarðarsveit fyrir sem nú. Þar hefur Búsaga komið sér fyrir og vinnur að því með miklum myndarbrag að gera upp húsin og koma þar upp búnaðarsögusafni. Þar eru nú til sýnist ýmsar gerðir traktora sem nostrað hefur verið við að gera upp og ýmiskonar munir og amboð tengt búskap munu síðan þrýða safnið þegar fram líða stundir. En ekki síst verður forvitnilegt að



skoða það aftur þegar búið verður að gera upp gamla fjósið og setja upp sýninguna sem mun leiða gesti í gegnum bústöðu mjalta frá handmjóltum til mjaltaróbóta nútímans. Heimsókninni að Saurbæ lauk síðan með góðum hádegisverði í boði félaganna í Vitaðsgjafa

Þaðan lá leiðin að Möðruvöllum í Eyjafjarðarsveit og litið við í kirkjunni sem byggð var árið 1847. Kirkjan að Möðruvöllum hefur alla tíð verið bændakirkja og þar tók á móti okkur systir Sigurgeirs, Helga Berglind ábúandi og kirkjueigandi á staðnum. Í kirkjunni er hin merkilega altarisbrík sem gefin var til kirkjunnar seint á 15. Öld, mikill kjörgripur og fróðlegt að skoða. Kirkjan er turnlaus en framan við hana er merkilegt klukknaport úr timbri sem þar hefur staðið síðan 1781, eitt elsta timburmannvirki landsins og merkilegt út af fyrir sig.

Frá Möðruvöllum var haldið heim til Aðalsteins að Garði, þar sem fjölskyldan rekur myndarlegt kúabú ásamt því að vera öflugir verktakar við heyöflun í héraðinu. Úr glugganum á fyrrum Kaffi Kú sem snýr inn í fjósið er notalegt og róandi að fylgjast með kúnum sem una hag sínum vel í lausagöngufjósinu. Mikið var síðan gott að gæða sér á kleinu og kaldri mjólk „beint af kúnni“ áður en haldið var af stað á ný.

Hér er aðeins stiklað á stóru en öll var ferðin hin ánægjulegasta, krydduð sögum og fróðleik um staðhætti og innansveitarkróniku sem

Sigurgeri hafði á hraðbergi og ljóst að þar fer maður sem ann sinni sveit og ber hag hennar fyrir brjósti.

Að lokinni skoðunarferðinni brugðu flestir sér í Skógarböðin á meðan aðrir fengu sér göngutúr um miðbæ Akureyrar. Deginum lauk síðan með indælum kvöldverði og samverustund með félögum okkar í Vitaðsgjafa heima hjá Sigurgeiri á Ytra Gili.

Áður en lagt var af stað heim í Hólm á sunnudeginum hittum við Ásthildi Sturludóttur bæjarstóra á Akureyri sem fór með okkur í skoðunarferð um bæinn hress og kát að vanda. En við þykjumst auðvitað eiga í henni hvert bein enda er hún uppallinn Hólmari.

Það voru sælir og glaðir Lions félagar og makar sem komu heim í Stykkishólm með sól í sinni og góðar minningar úr heimsókninni í Eyjafjarðarsveit. Við þökkum heimamönnum í Vitaðsgjafa kærlega fyrir góða viðkynningu og frábærar móttökur.

Sigþór Umnsteinn Hallfredarson

Að lifa og hrærast í Lionsklúbbnum Eik í 40 ár



Ræða í tilefni að 40 ára afmæli Lionsklúbbsins Eikar í Garðabæ og var flutt á góðgerðarkvöldi klúbbsins 28. febrúar.

Í apríl 1985 þá fórum við til útlanda í gegnum herhlið í Keflavík, og vorum skíthædd við hermennina. Við vorum að byrja að hlusta á Rás 2 og við þurftum ekki lengur að skrifa á TELEX ÞAÐVAR NEFNILEGA KOMIÐ FAX TÆKI OG VIÐ GÁTUM RENNIT ÖLLUM PAPPÍR Á ÖRSKOTSSTUNDYFIR TIL JAPAN EÐA BARA ÚT UM ALLAN HEIM.

Við hlustuðum á Wham og gengum í pinna háhæluðum skóm með túperað hár og sítt að aftan.

Í Mogganum þann 17. apríl 1985 segir Svavar Gest blaðamanni frá árangri við Rauðu Fjaðrarsöfnunina sem þá var nýafstaðin að árangurinn sé stórkostlegur. Það söfnuðust 17 miljónir en stóra átakið var að safna fyrir línuhraðli fyrir Landspítalann. Markmiðið var að safna 10 miljónum en þjóðin stóð með Lions og heildin var 17 miljónir. Framreiknað til dagsins í dag eru það um 200 miljónir. Tækið kostaði 325 miljónir.

Í þessum jarðvegi vaknaði áhugi 51. konu í Garðabæ að ganga til liðs við Lionshreyfinguna. Við nefndumst þá LIONESSUR OGVORUM VERKEFNI KARLAKLÚBBANNA - strákanna. Þórður H. Jónsson var í Lionsklúbbi Garðabæjar og umdæmisstjóri og strákarnir voru til í þetta.

51 félagi í upphafi

Já, svona var upphafið af Lionklúbbnum Eik. Við vorum 51 sem höfðum brennandi áhuga, svo mikinn að það varð að setja mörk, bara konur með lögheimili í Garðabæ máttu ganga í klúbbinn. Eins settum við okkur mörkin um að verða helst ekki yfir 50.

Lilja Hallgrímsdóttir var fyrsti formaður svo tók Arna Borg Snorradóttir við formennskunni, næst þar á eftir varð ég sem þetta skrifar formaður.

Þetta voru auðvitað umbrotatímar í jafnréttisbaráttunni, Vigdís Finnbogadóttir forseti, og konur að komast til valda á mörgum sviðum. Það átti líka við um Lionshreyfinguna. Við vildum ekki vera verkefni lionsklúbba - karlklúbba við vildum fá afl og völd og fá að láta til okkar taka líka á þessum vettvangi á okkar forsendum.

Við sátum ekki hljóðar á þingum Lions og það voru svo merk tímamót þegar Lionshreyfingin á alþjóðþingi í Taipei 1987 samþykkti að konur fengju jafnan rétt við karla og væru velkomnar. Í þessum jarðvegi var ég auðvitað og við röskuðum hugmyndum karlanna, við hreyfðum við kórlunum og vildum fá að hafa áhrif og láta til okkar taka á samfélagslegum grunni, á vettvangi hér á landi, á vettvangi í Evrópu og fá að hafa hlutina með okkar blæ.

Við þrósuðum um fundarsókn því við vildum láta gæði fundanna og starfsins vera aðalatriðið en ekki fjöldi funda í mánuði en þá var hefð fyrir tveimur fundum í mánuði í karlklúbbum. Heimurinn var líka mikið breyttur á þessum tíma og í þessu umhverfi stigum við lionessurnar í Eik það skref að verða fullgildir lionsfélagar og stofnuðum þann 18. febrúar árið 1988 Lionklúbbinn Eik og þá skrifaði ég sem formaður bréf til Bjarna formanns Lionsklúbbs Garðabæjar bréf þessu til staðfestingar.

Látum verkin tala

Síðan eru liðin allmörg ár. Við tókum þessum breytingum fagnandi og í þessum frjóa jarðvegi urðu svo til margar farsælar ákvarðanir. Við eigum saman unaðslegan sælureit í Smalaholti sem einmitt var byrjað á 1988. Við tókum að okkur óteljandi fjáröflunarverkefni s.s. að skúra Flugstöð Leifs Eiríkssonar áður en hún var opnuð, Skúruðum Holiday inn hótelið, íbúðir í Grafarvogi, íbúðir við Boðahlein, skúruðum iðnaðarmennina út úr íþróttahúsið að Ásgarði áður en hann opnaði. Við vorum með Vímuvarnahlaup fyrir ungmenni í Garðabæ. Við erum



búnar að selja nokkur þúsund af litabókum sem forvarnarverkefni í brunavörnum, skreyta verslanir, búa til jólakransa og skreytingar. Halda skemmtanir fyrir eldri borgara, bingó fyrir íbúa Garðabæjar, baka pönnukökur í veislur. Halda lionsþing, bera út blöð, selja áskriftir af tímaritum og meira segja lofaði ein að kaupa hest ef viðmælandinn keypti Tígulgosann henni. Flott hún Ásdís Helgadóttir. Við erum búnar að styrkja þroska skerta, öldrunarþjónustu, æskulýðsstarf, Rauðu fjaðrar verkefni, gróðurverndarverkefni og umhverfisverkefni, styrkt flóttamannaaðstoðina í Úkraínu. Styrkt flóttabörn frá Úkraínu á Íslandi. Og svo margt, margt fleira.

Eik lætur til sín taka

Í þessu umhverfi höfum við félagarnir þroskast og eflist til æðri metorða bæði innan Lionshreyfingarinnar sem og utan. Í þessum anda tók ég ákvörðun um að verða fyrst kvenna héraðs umdæmisstjóri og svo síðar fjöllumdæmisstjóri fyrst kvenna hér á landi sem og í Evrópu og líklega vorum við nokkrar á heimsvísu innan Lions árið 1997.

Í þessum anda og umhverfið fósttraði Lionsklúbburinn Eik fyrsta íslenska Alheimsforseta Lions en Guðrún Björt Yngvadóttir var einnig fyrst kvenna alheimsforseti hreyfingarinnar árið 2019.

Í þessum frjóa jarðvegi höfum við gengið til góðs götuna fram eftir veg. Við skynjuðum ákallið til breytinga. Við vorum líka tilbúnar að taka við keflinu. Drifkrafturinn var auðvitað hjartsýni, von og kærlekurinn alltaf með það að leiðarljósi að láta gott af okkur leiða.

Það er svo einlæg og sterk vinátta kærlekur sem tengir okkur saman. Samveran er svo það sem skiptir öllu og gerir þetta allt svo miklu betra. Okkur líður svo miklu betur þegar við erum saman og látum gott af okkur leiða í Lions.

Laufey Jóhannsdóttir

Stofnufélagi í 40 ár í Lionsklúbnum Eik.



Dánarfregnir



Minningargreinar um látna féлага eru birtar á heimasíðu Lions ([lions.is](https://www.lions.is)) undir flípanum „Minningar“ - „Minningargreinar“. Hér er slóðin: <https://www.lions.is/is/minningarkort/minningargreinar>

Látnir félagar:

*Sigurður L. Einarsson
Lionsklúbbur Mosfellsbæjar*





*Vigfús Þór Árnason
Lionsklúbburinn Fjörgyn*



Nóvember – myndasíða

■ Bryndís Ragnarsdóttir
■ Friðgeir Guðmundsson

■ Sigríður Guðmundsdóttir





Lionsklúbburinn Kaldá



Mjög góð mæting hefur verið hjá okkur í Kaldá í vetur og nóg að gera. Við fengum góðan gest á janúarfundinn, Ingu Lóu Steinarsdóttur umdæmisstjóra, sem ber með sér lífliga lionsvinda og góða nærveru. Á sama fundi tókum við inn nýjan féлага.

Í febrúar heimsóttum við Guðrúnu í Annríki sem er á Suðurgötu í bænum okkur. Þvílíkan fróðleik sem Guðrún deildi með okkur um íslenska þjóðbúninginn og merkilega rannsóknarvinnu hennar undanfarin ár.

Við höldum fjölmenna góugleði með góðum mat, skemmtiatriðum og tískusýningu til styrktar Konukoti.

Einnig heimsóttum við Hrafnistu og fengum þar fræðslu um félagsstarf íbúa þar og nutum frábærrar gestrisni.

Jórunn Jörundsdóttir



Borist hafa eftirfarandi framboð í embætti sem kjósa skal um fyrir starfsárið 2025-2026



Framboð til umdæmisstjóra 109B starfsárið 2025-2026 Aðalsteinn Hallgrímsson, Lionsklúbbnum Vitaðsgjafa.

Á félagsfundum var samþykkt að styðja Aðalstein Hallgrímsson vara umdæmisstjóra til framboðs umdæmisstjóra 109B fyrir komandi starfsár 2025-2026.

Aðalsteinn hóf vegferð sína innan Lions í Lionsklúbbi Vitaðsgjafa fyrir 30 árum og lét strax til sín taka og setið nokkrum sinnum í stjórn sem formaður, ritari eða gjaldkeri.

Fyrir utan ofangreind embættisstörf hefur Aðalsteinn verið formaður skemmtinefndar, formaður félaganefndar og setið í öllum nefndum hjá klúbbnum og tekið virkan þátt í verkefnum og fjáröflunum á vegum Vitaðsgjafa.

Hann hefur ávallt verið stjórn Lionsklúbbs Vitaðsgjafa innan handar frá því hann kom í klúbbinn og nýtur mikils trausts klúbbfélaga sinna.

Formaður Vitaðsgjafa



Framboð til fjölumdæmisstjóra MD 109 starfsárið 2025-2026 Anna Blöndal, Lionsklúbbnum Yflu.

Ég undirrituð Anna Fr. Blöndal Lionsklúbbnum Yflu á Akureyri býð mig fram til embættis fjölumdæmisstjóra starfsárið 2025-2026 með þeim skyldum sem embættinu fylgja.

Ég hef verið lionsfélagi frá árinu 2014. Ég gegndi stöðu ritara Lionsklúbbsins Yflu 2016-2017, var formaður Yflu 2018-2019 og það ár einnig gjaldkeri umdæmis 109B. Ég var kjörin annar vara umdæmisstjóri 2019-2020 og vara umdæmisstjóri 2020-2021. Eins var ég starfandi umdæmisstjóri frá 1. desember 2020 til 30. júní 2021 og umdæmisstjóri 109B starfsárið 2021-2022. Skipuð LCIF fulltrúi umdæmis 109B 1. júlí 2022 – 2025. Ég var kjörin vara fjölumdæmisstjóri 2024.

Ég er Akureyringur fædd 25. júlí 1956. Ég er tækniteiknari og lýsingarhönnuður, starfa hjá Verkfræðistofunni Raftákni á Akureyri. Ég á þrjú börn og sex barnabörn, eiginmaður minn var Þórarinn Jóhannesson en hann er látinn.



Framboð til annars vara umdæmisstjóra 109A starfsárið 2025-2026 Björgvin G. Sigurðsson, Lionsklúbbnum Dynk.

Á félagsfundum 5. mars 2025 var samþykkt að styðja Björgvin G. Sigurðsson til framboðs annars vara umdæmisstjóra starfsárið 2025-2026.

Björgvin er stofnfélagi í Lionsklúbbnum Dynk og var annar formaður klúbbsins og síðar svæðisstjóri fyrir svæði 4 í 109A. Þá hefur hann sinnt kynningarmálum klúbbsins, skrifaði í Lionsblaðið, sett efni inn á Lions Mál og ljósmyndað starf klúbbsins.

Fyrir hönd Lionsklúbbsins Dynks,
Hlynur Árnason, formaður.



Framboð til vara umdæmisstjóra 109A starfsárið 2025-2026 Einar Hilmarsson, Lionsklúbbi Laugardals.

Fyrir hönd Lionsklúbbs Laugardals, samkvæmt samþykkt frá febrúar fundi klúbbsins, tilkynni ég að við bjóðum fram Einar Hilmarsson til embættis vara umdæmisstjóra í umdæmi 109 A, starfsárið 2025-2026.

Einar Hilmarsson hefur verið lionsfélagi frá árinu 2011. Hann hefur gegnt ýmsum störfum innan klúbbsins, m.a. verið formaður og gjaldkeri.

Einar starfaði í félagateymi umdæmisins 2023-2024, og hefur gegnt embætti 2. varaumdæmisstjóra 109A 2024-2025.

f.h. Lionsklúbbs Laugardals.

Einar Þór Lárusson, ritari



Framboð til vara fjölumdæmisstjóra MD 109 starfsárið 2025-2026 Inga Lóa Steinarsdóttir Lionsklúbbum Freyja

Ég undirrituð Inga Lóa Steinarsdóttir, Lionsklúbbum Freyju, Keflavík býð mig fram til embættis vara fjölumdæmisstjóra starfsárið 2025-2026 með þeim skyldum sem embættinu fylgja.

Ég hef starfað í hreyfingunni í tæp 11 ár, 5 ár sem lionessa og 6 ár sem lionsfélagi. Ég lét strax til mín taka og hef verið í stjórn klúbbsins mín meira og minna til dagsins í dag.

Embætti sem ég hef sinnt:

- 2024-2025 umdæmistjóri, skýrsluritari
- 2023-2024 vara umdæmisstjóri, skýrsluritari, netfulltrúi 109A
- 2022-2023, 2 vara umdæmisstjóri, skýrsluritari, svæðisstjóri sv.5, og netfulltrúi 109A
- 2020-2021 ritari
- 2020-2019 ritari
- 2018-2019 gjaldkeri
- 2016-2017 formaður

Fyrir utan ofangreind embætti hef ég verið formaður skemmtinefndar, laganefndar og tengiliður klúbbsins í hinum ýmsum sameiginlegum verkefnum Suðurnesjaklúbba.

Ég hef mikinn áhuga á félagsstörfum og hef verið í flestum nefndum, starfsmannafélögum þar sem ég hef unnið og hef verið sjálfbóðaliði Rauða Krossins til marga ára.

Ég er óendanlega stolt að vera Lions félagi og hafa fengið að kynna hreyfingunni bæði á landsvísu og erlendis og hef gert mitt allra besta að vera hreyfingunni til sóma.

Inga Lóa Steinarsdóttir.



Framboð til vara umdæmisstjóra 109B starfsárið 2025-2026 Sigríður Guðrún Friðriksdóttir, Lionsklúbbum Hræreki.

Lionsklúbburinn Hræreki hefur samþykkt að bjóða fram félagi klúbbsins, hana Sigríði Guðrúnu Friðriksdóttur, til að gegna embætti vara umdæmisstjóra umdæmis 109B starfsárið 2025 – 2026.

Sigríður er einn af stofnfélögum Lionsklúbbsins Sifjar, deild Vitaðsgjafa sem stofnuð var 29. nóvember 2018. Frá þeim tíma hefur Sigríður gegnt ýmsum embættum m.a. verið ritari og aðstoðarmaður stjórnar í þrjú ár. Einnig hefur hún setið í þeim nefndum sem Sif hefur haft í gegnum tíðina og komið að öllum fjáröflunarverkefnum sem í gangi hafa verið.

Hún hefur sótt fjölmarga skóla og námskeið hjá Lions á þessum árum frá 2018 til dagsins í dag en til að nefna þau helstu eru til dæmis skólar fyrir svæðisstjóra, formenn, gjaldkera og ritara Lions og Leiðtogaskólinn (RLLI) sem hún sótti árið 2020.

Sigríður hóf núverandi starfsár sem formaður deildarinnar Sifjar en Sifjarkonur fluttu sig í Lionsklúbbin Hrærek og tók Sigríður þar við formannsembættinu og mun stýra skútunni næsta starfsár líka. Einnig hefur Sigríður gegnt starfi svæðisstjóra þetta starfsár á svæði 6.

Það er okkar trú, félaganna í Hræreki, að Sigríður sé verðugur fulltrúi Lions og styðjum við allar sem ein, heilshugar við bakið á okkar frábæra félagi.

Lionsklúbburinn Hræreki



Framboð til umdæmisstjóra 109A starfsárið 2025-2026 Thelma Rós Kristinsdóttir, Lionsklúbbnum Eden Hveragerði.

Á félagafundi þann 29. janúar 2025 var samþykkt að styðja Thelmu Rós Kristinsdóttur sitjandi vara umdæmisstjóra til embættis umdæmisstjóra 109 A fyrir starfsárið 2025-2026.

Thelma er stofnfélagi í Lionsklúbbnum Eden og fyrsti formaður hans og hefur gengt embætti formanns alls fjórum sinnum frá stofnun klúbbsins. Auk þess að hafa setið í flestum nefndum klúbbsins síðan hann var stofnaður sem deild árið 2008.

- Formaður 2008, 2009, 2010 og 2014
- Ritari 2022-2023
- GLT fulltrúi í umdæmi 109 A 2022-2023
- Svæðisstjóri 2023-2024
- Annar vara umdæmisstjóri starfsárið 2023-2024
- Vara umdæmisstjóri starfsárið 2025-2026

Thelma hefur alltaf verið virkur félagi og tekið að sér flest þau verk og störf sem krefjast þess hverju sinni og við treystum að verði hún kjörin umdæmisstjóri 109 A 2025-2026 þá muni hún sinna því eins vel og hún hefur sinnt öðrum störfum innan Lionsklúbbsins Eden.

Ragnheiður Elva Rúnarsdóttir formaður Lkl. Eden Hveragerði

Eftirfarandi eru í framboði til embætta í fjöllumdæmisráði 2025-2026

a) Fjöllumdæmisritari til eins árs	Jónatan Smári Svavarsson	Álftanes
b) Fjöllumdæmisgjaldkeri til eins árs	Stefán Árnason	Vitaðsgjafi
c) Leiðtoga- og fræðslustjóri (GLT) til eins árs	Jón Pálmason	Víðarr
d) Félagastjóri (GMT) til eins árs	Geirþrúður Fanney Bogadóttir	Æsa
e) Verkefnastjóri (GST) til eins árs	Sigríð Andradóttir	Æsa
f) Útbreiðslustjóri (GET) til eins árs	Kristófer Tómasson	Geysir
g) Formaður Kjaransorðunefndar til þriggja ára 2025-2028	Björg Bára Halldórsdóttir	Rán
h) Umhverfisstjóri til eins árs	Dagný Finnsdóttir	Úa
i) Heiðursjóður Guðrúnar Bjartar til þriggja ára 2025-2028	Hörður Sigurjónsson	Nirði
j) Skoðunarmenn reikninga til eins árs: 2025-2026		
➤ 1.aðal.	Þorleifur Sigurðsson	Ásbjörn
➤ 2.aðal.	Benjamín Jósefsson	Akraness
➤ 1.vara.	Halldóra Ingibergsdóttir	Eik
➤ 2.vara.	Halldór Karl Hermannsson	Grindavíkur
Fjöllumdæmisstjóri	Anna Blöndal	Ylfa
Vara fjöllumdæmisstjóri	Inga Lóa Steinarsdóttir	Freyja
Umdæmisstjóri A	Thelma Rós Kristinsdóttir	Eden
Umdæmisstjóri B	Aðalsteinn Hallgrímsson	Vitaðsgjafi
Vara umdæmisstjóri A	Einar Hilmarsson	Laugdæla
Vara umdæmisstjóri B	Sigríður Guðrún Friðriksdóttir	Hrærekur
2. vara umdæmisstjóri A	Björgvin G. Sigurðsson	Dynk
2. vara umdæmisstjóri B	Ekkert framboð borist	

Birt að ósk fjöllumdæmisstjóra

Fyrsta Rauða fjöðrin afhent



Forseti Íslands, frú Halla Tómasdóttir, verndari Lions á Íslandi tók á móti fyrstu Rauðu fjöðrinni á Bessastöðum mánudaginn 31. mars 2025 við hátíðlega athöfn. Tílefnið var upphaf landssöfnunar Lionshreyfingarinnar til styrktar forvarnarverkefnis Píeta samtakanna fyrir ungt fólk.

Frú Halla forseti Íslands þakkaði fyrir fjöðrina og sagði: „**Fátt er mikilvægara en góð geðheilsa. Hún er grunnurinn að almennri vellíðan og velferð alls samfélagsins. Við þurfum að styðja við ungmennin okkar, vera þeim hvatning og fyrirmynd til að tala upphátt um tilfinningar sínar og líðan. Þess vegna gleður það mig mjög að Lions hreyfingin safni nú fyrir Píeta samtökin og styðji við þeirra ómetanlega starf.**“

Ljósmyndir tók Sævar Skúli Þorleifsson

